

Sparnaðarlíftrygging

Ársyfirlit 2015

Með sparnaðarlíftryggingu getur þú sameinað líftryggingu og reglubundinn sparnað. Sparnaðarlíftrygging er góð leið til að koma sparnaðinum fyrir í virkri eignastýringu.

Ávöxtun í erlendum sjóðum er í höndum Henderson Global Investor, en VÍB, eignastýringarþjónusta Íslandsbanka, sér um ávöxtun innlendra sjóða. Hér gefur að líta yfirlit yfir ávöxtun í sjóðum árið 2015 og helstu þætti sem hafa áhrif á hana.

Vísitala neysliverðs (verðbólga)

Vísitala neysliverðs hækkaði um 2% á árinu 2015 sem er ein lægsta verðbólga frá því að verðból gumarkmið Seðlabanka Íslands (2,5%) var tekið upp árið 2001 og töluvert undir væntingum í upphafi árs þegar töluverður ótti var við að verðbólga mundi hækka í kjölfar kjarasamninga. Skýringin á lágri verðbólgu var styrking krónunnar gagnvart flestum viðskipta-myntum og lækkun á eldsneytisverði. Spár greiningaraðila gera ráð fyrir að verðbólga verði 3,0-3,5% í árslok 2016.

Stýrivextir

Stýrivextir Seðlabanka Íslands eru 5,75% og hækkuðu þeir í þrígang á árinu um samtals 1,25%. Í kjölfar kjarasamninga á vormánuðum hækkuðu stýrivextir um 0,50% og aftur í ágúst um 0,50%. Í nóvember hækkuðu vextir um 0,25% þvert á spár greiningaraðila. Gengi skuldabréfa og hlutabréfa lækkaði í kjölfar vaxtahækkunarinnar. Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur tilkynnt að stýrivextir geti hækkað enn frekar ef verðbólguhorfur versna.

Erlendir sjóðir

Sjóðir í ávöxtun hjá Henderson Global Investors

Evrópusjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	9,2%	7,0%
24 mánuðir	5,2%	1,0%
48 mánuðir	17,7%	14,0%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Evrópsk hlutabréf	55%	95%
Evrópsk smáfyrirtæki	5%	45%

Markmið: að fjárfesta í stórum sem smáum evrópskum fyrirtækjum og ná fram stöðugri ávöxtun með áhættudreifingu.

Skuldabréfasjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	-9,5%	-11,2%
24 mánuðir	-2,4%	-6,3%
48 mánuðir	3,6%	0,4%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Alheimsskuldabréf	60%	100%
Evrópsk skuldabréf	0%	40%

Markmið: að fjárfesta í skuldabréfum um allan heim.

Alheimssjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	6,4%	4,3%
24 mánuðir	8,8%	4,4%
48 mánuðir	13,3%	9,8%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Evrópsk hlutabréf	10%	50%
Amerísk hlutabréf	10%	50%
Japönsk hlutabréf	5%	35%
Hlutabr. í Kyrrahafslöndum	0%	20%

Markmið: að fjárfesta í hlutabréfum stórra sem smárra fyrirtækja um allan heim á flestum stærstu mörkuðum.

Þróunarsjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	7,6%	5,5%
24 mánuðir	6,7%	2,4%
48 mánuðir	15,3%	11,7%



Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Evrópsk hlutabréf	10%	50%
Evrópsk smáfyrirtæki	10%	50%
Nýmarkaðir	5%	35%
Hlutabréf tæknifyrirtækja	0%	20%

Markmið: að fjárfesta að hluta til í evrópskum hlutabréfum og á nýjum vaxandi hlutabréfamörkuðum.

Einungis viðskiptavinir sem nú þegar eru að fjárfesta í sjóðum Henderson geta haldið áfram að fjárfesta í þeim sjóðum meðan gjaldeyrishöft ríkja.

Erlendir sjóðir

Gengisþróun



Erlend hlutabréf

Erlendir hlutabréfamarkaðir fóru ágætlega af stað á árinu 2015 en veruleg lækkun varð á flestum mörkuðum í ágúst eftir að hlutabréfa-verð lækkaði í Kína. Verulegar sveiflur voru á helstu hlutabréfamörkuðum á fjórða ársfjórðungi. Árið 2015 lækkaði S&P vísitalan í Bandaríkjunum um 0,7% á meðan Nasdaq vísitalan hækkaði um 5,7%. Í Evrópu lækkaði hlutabréfavísitala Spánar um 7,2% á meðan hlutabréfavísitala Ítalíu hækkaði um 12,7%. Þýskaland átti ágætis hlutabréfaár

og hækkaði DAX vísitalan um 9,6% á árinu. Mikilvægt er að hafa í huga að gengisþróun íslensku krónunnar gagnvart helstu viðskiptamyntum hefur áhrif á ávöxtun erlendra hlutabréfa í íslenskum krónum. Gengisvísitala íslenskrar krónu styrktist um 7,4% gagnvart okkar helstu viðskiptamyntum. Krónan styrktist um 8,4% gagnvart evru, 0,2% gagnvart breska pundinu og 14% gagnvart norsku krónunni. Krónan veiktist gagnvart Bandaríkjadollar um 2%.

Innlend skuldabréf

Allir flokkar ríkisskuldabréfa, bæði verðtryggðir og óverðtryggðir, skiluðu jákvæðri raunávöxtun á árinu 2015. Þrátt fyrir lága verðbólgu var nafnávöxtun á verðtryggðum ríkisskuldabréfum 5-11%. Erlendir aðilar voru stórir kaupendur á óverðtryggðum ríkisskuldabréfum, einkum lengri skuldabréfum, sem hafði töluverð áhrif á gengi skuldabréfa. Lengsta óverðtryggða ríkisskuldabréfið, RIKB 31 hækkaði mest eða um 11,95%, en af verðtryggðum skuldabréfum hækkaði HFF 44 um 11,2% (skuldabréf Íbúðalánasjóðs). Ríkissjóður áformar að draga úr framboði á óverðtryggðum ríkisskuldabréfum árið 2016

með uppgreiðslum. Framboð á verðtryggðum ríkisskuldabréfum mun halda áfram að dragast saman á árinu og ekki er gert ráð fyrir útgáfu á verðtryggðum skuldabréfum hjá Íbúðalánasjóði. Sú ákvörðun ætti, að öðru óbreyttu, að styðja við gengi skuldabréfa en á móti vegur að fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða erlendis verða auknar og áformað er að ríkið selji hlut í Landsbankanum en hvort tveggja dregur úr eftirspurn á innlendum markaði. Stóri óvissuþátturinn er svo hvort að erlendir aðilar haldi áfram að kaupa innlend verðbréf eins og á seinni hluta síðasta árs.

Innlendir sjóðir

Sjóðir í ávöxtun hjá VÍB,
eignastýringarþjónustu Íslandsbanka

Ríkissjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	7,6%	5,5%
24 mánuðir	5,3%	1,0%
48 mánuðir	4,6%	1,8%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlán/laust fé	0%	10%
Ríkisskuldabréf	0%	90%

Markmið: að ná stöðugri og öruggri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði af innlendum ríkisskuldabréfum.

Blandaður hlutabréfasjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	12,9%	10,7%
24 mánuðir	13,0%	8,5%
48 mánuðir	18,8%	15,6%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Erlend hlutabréf Sjóvár	35%	35%
Innlend hlutabréf Sjóvár	65%	65%

Markmið: aukning eigna til langs tíma með gengishækkun og arði af innlendum og erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing.
Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

Hlutabréfasjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	37,2%	34,5%
24 mánuðir	20,1%	15,2%
48 mánuðir	23,1%	19,8%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlend hlutabréf	90%	100%
Laust fé	0%	10%

Markmið: langtímaukning með gengishagnaði og arði af innlendum hlutabréfum.

Erlend hlutabréf og erlendum vaxtasjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	-0,7%	-2,6%
24 mánuðir	7,7%	3,4%
48 mánuðir	14,1%	11,0%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlán/laust fé	0%	10%
Erlend hlutabréf	90%	100%

Markmið: langtímaukning eigna með gengishagnaði og arði af erlendum hlutabréfum. Eignadreifing er mikil.
Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

Innlendir sjóðir

Sjóðir í ávöxtun hjá VÍB,
eignastýringarþjónustu Íslandsbanka

Innláns- og ríkisskuldabréfasjóður

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	5,7%	3,6%
24 mánuðir	4,2%	2,8%
48 mánuðir	4,0%	1,2%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlán	20%	40%
Skuldabr. m. ábyrgð ríkisins	60%	100%

Markmið: að ná stöðugri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði.

Innlend verðbréf og Íslensk verðbréf

Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	15,4%	13,2%
24 mánuðir	10,0%	5,6%
48 mánuðir	10,3%	7,3%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlend hlutabréf	0%	20%
Ríkisskuldabréf	40%	100%
Önnur innlend skuldabréf	0%	20%
Innlán/laust fé	0%	20%

Markmið: að ná fram eignaaukningu til lengri tíma með vaxtatekjum, gengishagnaði, arðgreiðslum af innlendum ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Mikil eignadreifing.
Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

Íslensk skuldabréf



Meðalársávöxtun		
Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	8,6%	6,5%
24 mánuðir	6,7%	5,2%
48 mánuðir	6,5%	3,7%

Fjárfestingarstefna	Lágmark	Hámark
Innlán/laust fé	0%	20%
Ríkisverðbréf	60%	100%
Önnur skuldabréf	0%	20%

Markmið: að skila góðri ávöxtun og áhættudreifingu með því að fjárfesta einkum í innlendum skuldabréfum. Allur arður verður endurfjárfestur.
Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

Innlendir sjóðir

Gengispróun



Gengi íslensku krónunnar

Gengisvísitala krónunnar styrktist um 7,4% á árinu, en gengi einstakra mynta hegðaði sér með mismunandi hætti gagnvart krónunni. Bandaríkjadollar hækkaði um 2%, evran lækkaði um 8,4% og breska pundið lækkaði um 2,8% gagnvart íslensku krónunni og virði erlendra verðbréfaeigna breyttist því sem nemur því í krónum. Seðlabankinn hefur safnað verulegum gjaldeyrisforða og líkur eru á góðu innstreymi af gjaldeyri, m.a. vegna erlendra ferðamanna á árinu. Líklegt er að frekari skref verði stigin í afléttingu gjaldeyrishafta á árinu 2016. Það ætti að auka möguleika á erlendum fjárfestingum.

Innlend hlutabréf

Góð ávöxtun var á innlendum hlutabréfum á liðnu ári. Úrvalsvísitala Kauphallar (OMX18) hækkaði um 49% á síðasta ári og vísitala markaðarins (OMXIGI) hækkaði um 42,3%. Hæsta ávöxtunin í Úrvalsvísitölunni var hjá Marel sem hækkaði um 84,6%, Icelandair um 69,2% og N1 um 51,1% að teknu tilliti til arðgreiðslna. Eimskip skilaði lágstri ávöxtun eða 1,6%. Þrjú ný félög voru skráð árinu en það voru fasteigna-félögin Reitir og Eik auk þess sem Síminn var síðan skráður í október sl. Íslensk hlutafélög skráð á Aðallista Kauphallarinnar eru því orðin 16 og væntingar eru um að 2-3 félög verði skráð á árinu 2016.

Tölur í ársyfirliti þessu eru birtar með fyrirvara um innsláttarvillur.

Þú getur fengið nánari upplýsingar um sparnaðarlíftryggingar hjá okkur í síma **440 2000** og á sjova.is.